



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Alþingi
Nefndasvið
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Alþingi
Erindi nr. P 143/559
komudagur 6.12.2013

6. desember 2013

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um brottfall laga um náttúruvernd, nr. 60/2013, 167. mál.

Samtök atvinnulífsins, Samtök iðnaðarins og Landssamband íslenskra útvegsmanna taka undir nauðsyn þess að unnið verði nýtt frumvarp þar sem lögð er áhersla á einfalda og gagnsæja stjórnsýslu. Samtökin telja að mjög hafi skort á samráð við undirbúning frumvarps sem síðar varð að lögum nr. 60/2013. Viðtækt samráð við alla hagsmunaaðila hefðu tryggt að sem flest sjónarmið hefðu komið fram um þennan mikilvæga málaflokk og verið til umfjöllunar á sama tíma.

Aðdragandi laga nr. 60/2013 var um margt sérstakur. Skipuð var nefnd í nóvember 2009 sem nær tveimur árum síðar skilaði af sér um 500 blaðsíðna skýrslu sem kölluð var *Náttúruvernd. Hvítbók um löggjöf til verndar náttúru Íslands*. Nefndin var einungis skipuð fulltrúum stjórnsýslunnar og sérfræðingum. Hagsmunaaðilar eins og sveitarfélög, atvinnulíf og önnur samtök áttu þar enga aðkomu. Enda kom í ljós í skýrslunni að eini ágreiningurinn sem virtist uppi í nefndinni var um verkaskiptingu stofnana umhverfisráðuneytisins sbr. umfjöllun á bls 373.

Skýrslan var síðan til umfjöllunar á umhverfisþingi í október 2011. Þar var ekki óskað eftir því að fulltrúar úr atvinnulífi væru með sérstök innlegg.

Ári síðar óskaði umhverfis- og auðlindaráðuneytið svo eftir umsögn samtakanna um drög að frumvarpi sem byggð voru á hvítbókinni. Samtökin skiluðu ráðuneytinu umsögn dags. 25. september 2012 þar sem sagði m.a.: „Samtökin benda á að frumvarpsdrögin eru afar óskýr og þótt í athugasemdum komi fram umfjöllun í löngu máli til útskýringa þá er ljóst að mikil réttaróvissa mun fylgja verði þessi drög að lögum. Fjöldmörg matsatriði koma til álita og engin leið að átta sig á því hvert innihald er í raun í fjöldmörgum greinum frumvarpsins. Lagt er til að frumvarpið verði einfaldað verulega áður en það verður lagt fram á Alþingi og þess freistað að taka á aðalatriðum málsins en önnur lätin biða. Nauðsynlegt er að allur almenningur geti skilið inntak og ákvæði laga um náttúruvernd en þau séu ekki svipuð huliðsskikkju sérfræðihugtaka og umfjöllunar sem fáir skilja og eru sist líkleg til að auka veg málaflokksins.“ Einnig var bent á einn megingalla hvítbókarinnar „að hvorki er í skýrslu nefndarinnar né í greinargerð með frumvarpsdrögumum fjallað um núverandi ferli friðlýsinga og umfjöllun Alþingis um náttúruverndaráætlun. Samtökin telja að með breyttum vinnubrögðum við undirbúning þess sem áður hét náttúruverndaráætlun og aðkomu hagsmunaaðila s.s. atvinnulífs, sveitarfélaga, landeigenda og annarra megi vinna bót á ágöllum áður en áætlunin er lögð fyrir Alþingi og tryggja um leið viðtækan stuðning við meginsjónarmið um náttúruvernd. Á sama tíma verði einnig tryggt að íslensk þjóð sem um aldir alda hefur byggt afkomu sína á nýtingu náttúrunnar geti gert það áfram með sjálfbærni að leiðarljósi þar sem tekið er mið af umhverfi, samfélagi og efnahag til skemmri og lengri tíma.“ Auk þessa voru gerðar fjölmargar athugasemdir við einstakar greinar frumvarpsins og sérstaklega ítrekað mikilvægi þess að tryggja aðkomu hagsmunaaðila í sjávarútvegi við undirbúning friðlýsinga í hafi.



SAMTÖK ATVINNULÍFSINS

Ekki sáust þess nein merki að tekið hefði verið tillit til athugasemda samtakanna við frumvarpsdrögin þegar frumvarpið leit síðan dagsins ljós á Alþingi. Samtökin ítrekuðu því að mestu fyrri athugasemdir við frumvarpið í umsögn til þingsins (141. þing, 429. mál).

Með nýju frumvarpi gefst tækifæri til að endurskoða stofnanauppbyggingu á þessu sviði og er ástæða til að taka undir með nefndinni sem samdi hvítbókina um mikilvægi þess að stefnt verði að endurskipulagningu stjórnsýslunnar á þessu sviði, einfaldara skipulagi og aukinni skilvirkni (bls. 372). Það getur leitt til betri nýtingar fjármuna og einnig sparnaðar í útgjöldum.

Virðingarfyllst,

f.h. Samtaka atvinnulífsins

f.h. Samtaka iðnaðarins

f.h. Landssambands íslenskra útvegsmanna